

Nd.

732. Breytingartillögur

[182. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 1. gr. í stað orðanna „16000 kr.“ komi: 17000 kr.
2. Við 2. gr. í stað orðanna „32000 kr.“ komi: 34000 kr.
3. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
  3. málsg. 14. gr. laganna orðist svo:

Sömu aðilum, svo og verkafólki, sem vinnur við hvers konar fiskiðnað, og hafnarverkamönnum skal veittur sérstakur frádráttur, 700 kr. fyrir hverja viku, sem þeir vinna að viðkomandi störfum, enda hafi þeir unnið þau störf ekki skemur en sex mánuði af skattárinu. Hlutaráðnir menn skulu og njóta frádráttar skv. 1. málsgrein og þessari málsgrein, þótt þeir séu ekki lögskráðir. Nánari reglur skulu settar í reglugerð.
4. Við 3. gr.
  - a. Í stað orðanna „80000 kr.“ komi: 85000 kr.
  - b. Í stað orðanna „112000 kr.“ komi: 118000 kr.
  - c. Í stað orðanna „56000 kr.“ komi: 59000 kr.
  - d. Í stað orðanna „16000 kr.“ komi: 17000 kr.
  - e. Í stað orðanna „3200 kr.“ komi: 3300 kr.
5. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Í stað „ $\frac{1}{4}$  af hreinum tekjum“ í 2. mgr. 17. gr. laganna komi:  $\frac{1}{8}$  af hreinum tekjum.
6. Við 4. gr.
  - a. 3. málsg. orðist svo:

Af fyrstu 20000 kr. skattgjaldstekna greiðist 5%.  
Af 20000—40000 kr. greiðist 1000 kr. af 20000 kr. og 10% af afgangi.  
Af 40000—60000 kr. greiðist 3000 kr. af 40000 kr. og 20% af afgangi.  
Af 60000 kr. og yfir greiðist 7000 kr. af 60000 kr. og 30% af afgangi.
  - b. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

II. liður 25. gr. orðist svo:

Skattgjald þeirra félaga og stofnana, er um ræðir í A-, B-, C- og D-liðum 5. gr., skal vera 30% af skattskyldum tekjum.
7. Við 5. gr.

Við greinina bætist:

Rannsóknardeildin skal árlega taka til sérstakrar og gaumgæfilegrar rannsóknar 3% allra framtala einstaklinga og 5% allra félaga samkvæmt útdrætti. Skulu framtöl þessi sannreynd a. m. k. tvö ár aftur í tímann.